



Borgarráð

Tillögur vegna aðalfundar Faxaflóahafna sf.

Boðað hefur verið til aðalfundar í Faxaflóahöfnum sf. í samræmi við gr. 4.1 í sameignarfélagssamningi félagsins föstudaginn 30. júní 2023 kl. 14:00. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Faxaflóahafna hf. 30. júní 2023:

4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar.
5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar. – Til samþykktar.
7. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári. – Til samþykktar.
8. Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1. – Til samþykktar.
9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr. – Til samþykktar.

Lagt er til að tillögur nr. 4, og 6 verði samþykktar en tillögu 5 verði frestað og hún tekin til umfjöllunar í sameiginlegum hópi eigenda um fjármagnsskipan Faxaflóahafna. Gert verði ráð fyrir sérstökum eigendafundi að aflokinni þeirri umfjöllun.

Varðandi tillögu 7 er lagt til að stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun.

Varðandi tillögu 8 um kjör fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Faxaflóahafna sf. þá samþykkti borgarstjórn þann 20. júní 2023 að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Már Mátsson og Ragnheiður H. Magnúsdóttir taki sæti í stjórn Faxaflóahafna sf. til eins árs og Friðjón R. Friðjónsson, Pawel Bartoszek, Íris Baldursdóttir og Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir taki sæti til vara. Jafnframt var samþykkt að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði formaður stjórnarinnar.

Varðandi tillögu 9 er lagt til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun félagsins í samræmi við samþykkt borgarstjórnar dags. 16. maí 2023 um val á ytri endurskoðunarfyrirtæki 2023-2027.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Fundarboð á aðalfund Faxaflóahafna, dags. 14. júní 2023.

Argreiðslustefna Faxaflóahafna sf., dags. 30. júní 2023.

Hlutverk, framtíðarsýn og stefnuáherslur, dags. 8. nóvember 2022.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu

Umsögn starfshóps eigenda um fjármagnsskipan Faxaflóahafna sf. um argreiðslustefnu Faxaflóahafna sf.

dags. 27. júní 2023.

Frá: Guðbjörg Erlingsdóttir <gudbjorg@faxafloahafnir.is>

Sent: miðvikudagur, 14. júní 2023 14:36

Til: hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>;

Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>; Dagur B Eggertsson

<dagur.b.eggertsson@reykjavik.is>; Saevar.Freyr.Thrainsson@akranes.is; Akranes Email

<akranes@akranes.is>; Linda Björk Pálsdóttir <linda@hvalfjardarsveit.is>;

borgarbyggd@borgarbyggd.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; skorradalur@skorradalur.is;

arnih@skorradalur.is

Efni: Aðalfundur Faxaflóahafna sf. - FUNDARBOÐ - STAÐFESTIÐ MÓTTÖKU !

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Faxaflóahafna sf., kt. 530269-7529, verður haldinn **föstudaginn 30. júní 2023 kl. 14:00** í fundarsal á 3. hæð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

- Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
- Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
- Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar.
- Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
- Lýst kjöri stjórnar, sbr. grein 5.1.
- Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Áður en venjuleg aðalfundarstörf hefjast verður Fjörusteinninn – umhverfisviðurkenning Faxaflóahafna – veitt fyrirtæki sem starfar á hafnarsvæðunum og sýnt hefur framsækni í umhverfismálum og verið til fyrirmyndar hvað varðar frágang á lóð og snyrtilegt umhverfi.

Meðfylgjandi eru eftirtalin skjöl: Tillaga hafnarstjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. 4. dagskrárliður, tillaga hafnarstjórnar um arðgreiðslustefnu félagsins sbr. 5. dagskrárliður og tillaga hafnarstjórnar um starfskjarastefnu sbr. 6. dagskrárliður.


Rétt til setu á aðalfundi Faxaflóahafna sf. eiga kjörnir aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum eigenda, bæjar- og sveitarstjórar eigenda, borgarstjórinn í Reykjavík, hafnarstjóri og endurskoðandi félagsins. Hafnarstjórn er jafnframt heimilt að bjóða öðrum til setu á fundinum.

Fundarboð er aðeins sent með tölvupósti á grundvelli heimildar í grein 4.3 í sameignarfélagssamningi um Faxaflóahafnir sf. **Vinsamlegast staðfestið móttöku á tölvupósti þessum.**

Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf.

Guðbjörg E. Erlingsdóttir
Ritari Skjalavarsla | Secretary


gudbjorg@faxafloahafnir.is
Sími: 525-8907 GSM: 665-8714




bsi
ISO 14001
Environmental
Management
CERTIFIED

ISO 45001
Occupational
Health and Safety
Management
CERTIFIED


IST
BS2012
Equal Wage
Management System
CERTIFIED




JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



Faxafloahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



faxaports



faxafloahafnir sf



Arðgreiðslustefna Faxaflóahafna sf.

1. Inngangur

Samkvæmt gildandi sameignarfélagssamningi fyrir Faxaflóahafnir er hafnarstjórn falið að leggja til arðgreiðslustefnu fyrir félagið til staðfestingar á eigendafundi sbr. 2. tl. greinar 5.5.

Samkvæmt 19. gr. hafnalaga nr. 61/2003 er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda félagsins eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í 3. gr. hafnarreglugerðar um Faxaflóahafnir sf. nr. 798/2009 er áskilið að áður en ákvörðun er tekin um arðgreiðslur skuli hafnarstjóri leggja fyrir hafnarstjórn skriflegt mat á viðhalds- og endurnýjunarþörf eigna félagsins næstu tvö ár.

Í grein 5 í eigendastefnu Faxaflóahafna kemur fram að eigendur eru sammála um að lögð sé áhersla á hagkvæmni og skilvirkni í rekstri fyrirtækisins, ásamt ábyrgri meðferð fjármuna sem skapi aukið virði fyrir eigendur og aðra hagaðila.

Arðgreiðslustefna eykur fyrirsjáanleika um væntar arðgreiðslur Faxaflóahafna sf. og áhrif þeirra á fjárhagslegan styrk félagsins. Arðgreiðslustefnan er því mikilvæg í samskiptum við eigendur félagsins svo og mögulega lánveitendur félagsins og viðsemjendur.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur arðgreiðslustefnuna til hliðsjónar þegar hún gerir tillögu til aðalfundar félagsins um arðgreiðslu.

2. Gildissvið

Arðgreiðslustefna þessi gildir um tillögur stjórnar Faxaflóahafna um arðgreiðslur félagsins, sbr. hafnarreglugerð nr. 798/2009.

3. Stefna

Ákvörðun um arðgreiðslu Faxaflóahafna er tekin á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn er fyrir lok júnímánaðar ár hvert, sbr. gr. 4.1 í sameignarfélagssamningi fyrir Faxaflóahafnir sf. Arðgreiðslustefna þessi segir til um hver árleg fjárhæð arðgreiðslu skuli að hámarki vera að mati stjórnar félagsins.

Hámarksviðmiðið er ákvarðað með hliðsjón af handbæru fé fyrirtækisins frá rekstri nýliðins rekstrarárs og vegnu meðaltali á umfangi fjárfestinga á næstu þremur rekstrarárum að teknu tilliti til skuldastöðu. Vægi fjárfestinga á fyrsta rekstrarári er 50%, einn þriðji á ári tvö og einn sjötti á ári þrjú. Í þessu samhengi er miðað við ársuppgjör Faxaflóahafna.

Eftirfarandi formúla lýsir hámarksarði:

Handbært fé frá rekstri nýliðins rekstrarárs – (vegnar fjárfestingar næstu þriggja ára * H)¹
þar sem H = 30%.

¹ Fjárfestingar næstu þriggja ára eru áætlaðar sem fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum að frádreginni áætlaðri sölu varanlegra rekstrarfjármuna.



Arður er þó ekki greiddur nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt yfir fimm ára tímabil:

- Eiginfjárlutfall 70% eða hærra.
- Nettó skuldir/EBITDA 2,0 eða lægra.
- EBITDA/Vaxtagjöld 4,5 eða hærra.

Ofangreind skilyrði byggja á þeim forsendum að fjárhagsstöðu til framtíðar verði ekki ógnað með of hárrí arðgreiðslu og eingöngu verði greiddur arður af rekstrarávinningi.

4. Innleiðing

Stjórn Faxaflóahafna gerir tillögu um arðgreiðslu á aðalfundi fyrirtækisins og skal fjárhæð hennar ekki vera hærrí en sú fjárhæð sem fæst með því hámarksvirði sem lýst er í kafla 3 hér að ofan, en getur verið lægri.

5. Upplýsingagjöf

Arðgreiðslustefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins.

6. Endurskoðun

Stjórn Faxaflóahafna skal yfirfara arðgreiðslustefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti með hliðsjón af fjárfestingaráætlun félagsins og skilgreindum skilyrðum um fjármagnsskipan.

7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu á eigendafundi.

Reykjavík, 30. júní 2023

Stjórn Faxaflóahafna sf.

Hlutverk, framtíðarsýn og stefnuáherslur Faxaflóahafna

Hafnarstjóri Faxaflóahafna ber ábyrgð á stefnu Faxaflóahafna og tryggir framgang hennar.

HLUTVERK

Hlutverk Faxaflóahafna er að vera drifkraftur viðskipta- og atvinnulífs á Faxaflóasvæðinu, að skapa virði í samfélaginu með þróun hafnarinnviða og hafnarsvæða og að veita skilvirka þjónustu við skip.

FRAMTÍÐARSÝN

Faxaflóahafnir eru meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi og með áherslu á uppbyggingu hafnarinnviða styrkja Faxaflóahafnir samkeppnisstöðu Íslands. Faxaflóahafnir eru öruggar, grænar og skilvirkar hafnir með sjálfbærni að leiðarljósi. Skipulagning svæða er með grænum áherslum fyrir fjölbreytt samfélag og nýsköpun í hafnsækinni starfsemi.

STEFNUÁHERSLUR

Öruggar hafnir

Fyrirmynd í öryggi og öflug hafnavernd þar sem markvist er unnið að því að koma í veg fyrir slys, umhverfis- og eignatjón.

Grænar hafnir

Forysta í loftslags- og umhverfismálum í hafnsækinni starfsemi. Faxaflóahafnir eru kolefnishlutlausar í eigin rekstri.

Skilvirkar hafnir

Þróa hafnarinnviði sem stuðla að skilvirkri og snjallvæddri þjónustu við skip og aðra viðskiptavini.

Mannauður

Framsækinn og eftirsóttur vinnustaður þar sem mannauður þróast til að takast á við tækifæri og áskoranir til framtíðar.

ANNAÐ

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna.

Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 23.09.2022.

Starfskjarastefna Faxaflóahafna sf.

1. gr. Markmið

1. Markmið starfskjarastefnu Faxaflóahafna sf. er að stuðla að því að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki með því að laða til sín hæfustu stjórnendur og starfsmenn á hverjum tíma og með því viðhalda góðu þjónustustigi starfseminnar og samkeppnisstöðu félagsins.
2. Til að tryggja markmið félagsins er nauðsynlegt að stjórn félagsins hafi heimild til að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur til stjórnenda og starfsmanna sem tíðkast hjá sambærilegum félögum. Félagið skal þó ekki vera leiðandi í launaþróun á vinnumarkaði.
3. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum.
4. Launakerfi Faxaflóahafna sf. skal hafa jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi og sambærileg laun skulu greidd fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.
5. Stefnan skal hvetja til ábyrgðar í rekstri og vera þannig liður í að gæta að langtímahagsmunum eigenda, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunahafa.

2. gr. Starfskjaranefnd

1. Stjórn félagsins skal kjósa tvo aðila úr sínum hópi í starfskjaranefnd og að auki einn óháðan aðila.

3. gr. Hlutverk starfskjaranefndar.

1. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnenda félagsins og annarra starfsmanna. Nefndin skal vera ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund.
2. Nefndin skal fylgjast með að starfskjör stjórnenda og starfsmanna séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa félagsstjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins.
3. Gera tillögu um þóknun til stjórnarmanna fyrir líðandi kjörtímabil sem lögð skal fyrir aðalfund.
4. Annast þau mál sem stjórn Faxaflóahafna sf. felur nefndinni hverju sinni.

4. gr. Þóknun stjórnarmanna

1. Stjórnarmenn fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Formaður fær tvöföld stjórnarlaun. Starfskjaranefnd gerir tillögu til stjórnar að mánaðarlegri þóknun stjórnarmanna. Skal þóknunin endurskoðuð 1. september ár hvert.
2. Stjórnarmenn sem taka sæti í starfskjaranefnd eða öðrum undirnefndum stjórnar, eða þeir stjórnarmenn sem taka að sér veigamikil aukastörf fyrir hönd stjórnar, fá greidda þóknun í formi tímagjalds. Starfskjaranefnd gerir tillögu til stjórnar að tímagjaldi. Skal þóknunin endurskoðuð 1. september ár hvert.

5. gr. Starfskjör hafnarstjóra

1. Hafnarstjóri er ráðinn af stjórn Faxaflóahafna sf. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hafnarstjóra. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til hafnarstjóra skal taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins og skal ávallt vera samkeppnishæf við sambærileg félög.
2. Kjör hafnarstjóra skal endurskoða árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati starfskjaranefndar á frammistöðu hafnarstjóra, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins. Við mat á frammistöðu hafnarstjóra skal höfð hliðsjón af stjórnendamati, vinnustaðagreiningu, rekstrarárangri og framgangi lykilverkefna þar sem það á við.
3. Við starfslok skal ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi.

6. gr. Annað starfsfólk Faxaflóahafna sf.

1. Gera skal skriflega ráðningarsamninga við starfsfólk félagsins.
2. Hafnarstjóri ræður þá stjórnendur sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við 1. gr. starfskjarastefnunnar og jafnlaunaviðmið. Sviðsstjórar ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra og endurskoða þau, sömuleiðis í samræmi við 1. gr. og jafnlaunaviðmið.
3. Starfskjör stjórnenda skulu taka mið af kjörum stjórnenda hjá sambærilegum fyrirtækjum að umfangi og eðli. Skulu kjör þessi m.a. taka mið af frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvægra áfanga í rekstri og starfsemi félagsins að öðru leyti, þar á meðal hvort settum markmiðum hafi verið náð.
4. Við starfslok stjórnenda og annarra starfsmanna skal almennt ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi. Hafnarstjóra er þó heimilt að leggja tillögu fyrir stjórn um frávík frá þessu.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu, upplýsingagjöf og fleira

1. Starfskjarastefna félagsins skal samþykkt af stjórn og tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.
2. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess nema lög mæli fyrir um annað. Öll veruleg frávík frá starfskjarastefnunni skulu færð til bókar í fundargerðarbók stjórnar og rökstudd. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.
3. Á aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

(Samþykkt á aðalfundi félagsins þann XX. xxxxx 2023.)